

til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrst um sinn og meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist ekki að verulegum mun, þannig að lífsnauðsynjar lækki í verði, veitir landssjóður dýrtíðaruppbót á launum og eftirlaunum, eftir því sem segir í lögum þessum.

Dýrtíðaruppbót veitist með þeim undantekningum, sem greinir í lögum þessum:

1. Embættismönnum landsins, hvort sem þeir eru konunglegir embættismenn eða skipaðir af ráðherra, og veitist að eins af föstum embættislaunum þeirra, greiddum úr landssjóði, sbr. þó 4. tölul.
2. Þeim, er eftirlauna eða styrktarfjár njóta samkvæmt eftirlaunalögum eða fjárlögum (18. gr.), svo og þeim, er biðlaun hafa.
Dýrtíðaruppbót af eftirlaunum og styrktarfje veitist að eins af þeirri upphæð, sem greidd er úr landssjóði.
3. Sýslunarmönnum landsins, sem störf hafa í þarfir landsins að aðal-
vinnuvegi. Hafi þeir fleiri störf en eitt á hendi í landsins þarfir, greiðist dýrtíðaruppbótin að eins af launum fyrir það starfið, sem telja má aðalstarf sýslunarmannsins.
4. Prestum, hvort sem þeir njóta launa samkvæmt lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 49, 11. júlí 1911, eða eldri lögum. Nær dýrtíðaruppbótin til fastra launa, sem greidd eru úr landssjóði eða prestlaunasjóði, og sóknargjalda presta eftir eldri lögum. Þó skal jafnan draga frá dýrtíðaruppbót presta, sem hafa ábúð á kirkjujörð og afgjald hennar er metið til fasts peningagjalds upp í laun þeirra, sama hundraðshluta af afgjaldinu eins og dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir.
5. Landsfjehirði og starfsmönnum hans og skrifstofustjóra Alþingis, svo og öllum starfsmönnum Landsbókasafnsins. Svo heimilast og stjórn Landsbankans að greiða bókara og fjehirði bankans dýrtíðaruppbót eftir lögum þessum.
6. Öllum föstum kennurum við fasta skóla, jafnvel þótt þeir falli eigi undir neinn hinna framantöldu flokka, ef kensla verður að teljast aðalstarf þeirra, svo og stundakennurum landsskólanna. Enn fremur þeim tveimur aðalmönnum, sem vinna að samningu íslensku orðabókarinnar.

Dýrtíðaruppbót veitist eigi á 6000 kr. árslaun eða þar yfir, og eigi mega laun og dýrtíðaruppbót samanlögð nema meiru en 6000 kr.

2. gr.

Dýrtíðaruppbótin reiknast af launum eftir því sem hjer segir:

1. Af fyrstu 1000 kr. eða minna 60%
2. Af því sem fram yfir er 1000 kr. upp i 2000 kr. 30%
3. Af því sem fram yfir er 2000 kr. upp i 3000 kr. 10%

en engin af því, sem þar er fram yfir.

Af aukatekjum skal hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum greidd dýrtíðaruppbót sjer i lagi, 40%, og þingmönnum sama uppbót af daglegri þóknun þeirra, og nær hvorttveggja til alls ársins 1918.

3. gr.

Nú hefir sá, er nýtur dýrtíðaruppbótar samkv. 1. og 2. gr., börn eða foreldri á skylduframfæri, enda geta eigi slikir framfæringar hans unnið að fullu fyrir framfæri sinu, og skal þá bæta við dýrtíðaruppbót hans 50 kr. fyrir hvern framfæring, hafi framfærslumaður ekki 4000 kr. i árslaun eða þar yfir.

4. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að verja, eftir tillögum póstmeistara, alt að 25000 kr. á ári úr landssjóði til dýrtíðaruppbótar handa póstum.

5. gr.

Dýrtíðaruppbótin greiðist árlega i tvennu lagi eftir á fyrir hverja 6 mánuði.

6. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar um öll vafaatriði út af lögum þessum og verða þau eigi borin undir dómstólana.

7. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júli 1918 og falla frá sama tíma úr gildi lög nr. 59, 26. okt. 1917, um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.